

Fimmtudaginn 15. janúar 1998.

Nr. 405/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Heiðari Ágústi Ólafssyni

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)

Áfrýjunarfrestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. september 1997 á grundvelli a-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Í stefnunni var af hálfu ákærvalds einvörðungu krafist endurskoðunar og endurmats á refsingu og sviptingu ökuréttar á grundvelli eigin sakaferlis ákærða.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms kom í ljós, að niðurstaða hans var reist á sakavottorði annars manns en ákærða.

Samkvæmt ákvörðun Hæstaréttar var málið eingöngu flutt um formhlið þess. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að endanlegar dómkröfur ákærvalds voru þær, að refsí-ákvörðun og svipting ökuréttar yrðu staðfestar, en hvor tveggja grundvölluð á sakaferli ákærða samkvæmt hans eigin sakavottorði.

Ákærði krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti.

Héraðsdómur var kveðinn upp 2. júlí 1997. Hann var birtur ákærða 21. júlí 1997, en ákærði óskaði ekki áfrýjunar innan frests, sem hann hafði til áfrýjunar samkvæmt 2. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 11. gr. laga nr. 37/1994. Svo sem fyrr segir, áfrýjaði ríkissaksóknari málinu ekki fyrr en 2. september 1997. Voru þá liðnar meira en átta vikur frá uppkvaðningu héraðsdóms og því liðinn áfrýjunarfrestur samkvæmt 152. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 12. gr. laga nr. 37/1994. Af þeim sökum verður máli þessu af sjálfisdáðum vísað frá Hæstarétti.

Um greiðslu áfrýjunarkostnaðar fer, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Málinu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 2. júlí 1997.

Ár 1997, miðvikudag 2. júlí, er á dómþingi í Héraðsdómi Reykjaness, sem haldið er á reglulegum þingstað í Hafnarfirði af Mú Péturssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-100/1997: Ákærvaldið gegn Heiðari Ágústi Ólafssyni.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 11. júní 1997, er höfðað af sýslumanninum í Keflavík með ákæru, út gefinni 24. mars 1997 og þingfestri 18. apríl sama ár, á hendur Heiðari Ágústi Ólafssyni, kt. 071075-4439, Eyjaholti 14, Garði, fyrir nytjastuld og ölvunarakstur með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 2. mars 1997 ekið bifreiðinni JU-923 án heimildar og undir áhrifum áfengis frá Heiðarhvammi 8, Keflavík, að félagsheimilinu Sæborg, Garðabraut 69 a, Garði (mál nr. 34-1997-903).

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956 og 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sbr. 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956 og 100. gr. umferðarlaga, og sviptingar ökuréttar, sbr. 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af ákæru fyrir ölvunarakstur skv. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Að öðru leyti er krafist vægustu refsingar, er lög leyfa, og að hún verði skilorðsbundin.

Þá er krafist málskostnaðar til handa ákærða úr ríkissjóði.

II.

Ákærði hefur játað nytjastuld þann, sem honum er gefinn að sök, en þrátt fyrir að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn.

Samkvæmt skýrslum lögreglunnar í Keflavík var það kl. 5.00 aðfaranótt sunnudags 2. mars 1997, sem hringt var og tilkynnt, að verið væri að stela bifreiðinni JN-923, er stæði við Heiðarhvammi 8 í Keflavík. Fóru lögreglumenn þegar á vettvang, og er þeir höfðu tal af kæranda, eiganda bifreiðarinnar, Þórhalli Garðarssyni, kt. 020370-4599, Heiðarhvammi 8, Keflavík,

skýrði hann þeim frá því, að hann hefði þá skömmu fyrr, rétt fyrir kl. 5, verið á leið til vinnu. Hefði hann verið kominn út og búinn að gangsetja bifreið sína, en gengið inn aftur og verið inni rétt innan við fimm mínútur. En er hann gekk út aftur, hefði hann séð, að maður var sestur undir stýri bifreiðarinnar, og hefði hann ekið henni burt. Kvaðst hann telja, að maðurinn, sem var undir stýri, væri ákærði, sem byggi í Garðinum.

Héldu lögreglumennirnir nú út í Garð, fundu bifreiðina óskemmda á bifreiðastæði við félagsheimilið Sæborg, Garðabraut 69 a, óku síðan að heimili ákærða að Eyjaholti 14, knúðu þar dyra, en fengu ekkert svar. Héldu þeir þangað í annað sinn kl. 9.00 og börðu að dyrum, en var ekki svarað. Höfðust þeir þá ekki að frekar að svo stöddu.

Mánudaginn 3. mars kl. 11.16 tókst lögreglunni að finna ákærða og færa til yfirheyrslu. Ekki var tekið blóðsýni, enda liðið á annan sólarhring, frá því að hinn heimildarlausni verknaður ákærða var framinn.

III.

Þá er ákærði var fyrst yfirheyrður laust fyrir hádegi mánudaginn 3. mars 1997, þrætti hann fyrir nytjastuld, sagði kunningja sinn, Arnar Hólm Bjarnason, hafa ekið sér heim eftir samkvæmi, sem hann hefði verið í að Heiðarbóli 6, Keflavík, sem er þvergata á Heiðarhvammi og sjónmál þaðan, að Heiðarhvammi 8. Kvaðst ákærði hafa verið „vel fullur“.

Nánar spurður kvaðst ákærði hafa hafið drykkju um hádegisbil laugardaginn 1. mars, drukkið þá einn bjór, farið síðan á veitingahúsið Flugkaffi og keypt sér hálfan lítra af bjór og farið með hann heim til kunningja síns, Guðmundar Haukssonar, drukkið bjórinn þar og eitthvað af víni. Þeir hafi síðan farið á veitingastaðinn Pizzu 67 og fengið sér að borða. Ákærði kvaðst hafa drukkið þar tvo til þrjá hálf lítra bjóra. Þaðan kvaðst ákærði hafa farið á Kaffi Keflavík og keypt sér þar fjóra hálf lítra bjóra, en síðan haldið á skemmtistaðinn Stríkið. Ákærði kvaðst ekki muna, hvort og þá hve mikið áfengi hann drakk þar, en þó ekki hafa verið svo ölvaður, að minnið hefði „dottið út“ hjá sér um kvöldið eða nóttina.

Eftir að þessari skýrslutöku lauk mánudaginn 3. mars kl. 12.00, var ákærði færður í fangahús vegna málsrannsóknar. Síðdegis yfirheyrði lögreglan nokkur vitni. Að fengnum þeim skýrslum var ákærði yfirheyrður að nýju, en hann hafði þá fengið réttargæslumann. Breytti ákærði þá framburði sínum, játaði nytjastuldinn og bar eftirfarandi um áfengisneyslu sína og áfengisáhrif við aksturinn:

„Mætti segist hafa verið „léttur“ og varla fundið á sér. Er honum þá bent á framburð sinn við fyrri skýrslutöku lögreglu, þar sem fram kemur, að

hann hafi verið „vel fullur“ og drukkið bjór um kvöldið. Kveður hann þá áfengisvímu hafa verið runna af sér að einhverju leyti, þegar hann tók bifreiðina.

Er hann þá spurður, hvort hann hafi haft samband við Adda (Arnar Hólm Björnsson) og beðið hann að segja ósatt við skýrslutöku hjá lögreglu. Viðurkenndi hann það. Kvaðst hann hafa ætlað að reyna að sleppa þannig frá þessu, þar sem hann hefði ekki verið tekinn við akstur bifreiðarinnar. Kvaðst hann nú hafa skýrt satt og rétt frá þessu.

Var hann þá beðinn að lesa yfir fyrri skýrslu, sem hann gaf hjá lögreglu kl. 11.16. Vildi hann þá bæta við, að hann hefði drukkið 4 hálf lítra bjóra um kvöldið til miðnættis og líka fyrr um daginn bjór (flöskubjór) heima hjá Sóleyju, frænku sinni, bjór heima hjá Adda (Prince Christian), keypt hálfan lítra af bjór á Kaffi Flug, sem hann hefði tekið með sér heim til Guðmundar Haukssonar og drukkið þar, og loks hafa drukkið eitthvert vín heima hjá Guðmundi, en það hafi varla verið ofan í þá báða. Segist hann hafa hætt drykkju milli kl. 23.00–24.00, en þó hafa keypt sér bjór á „happy hour“ á Kaffi Keflavík, þar sem tveir bjórar fáist á verði eins á þessu tíma-bili.“

Fyrir dómi neitaði ákærði því, sem fyrr segir, að hafa verið undir áfengisáhrifum við aksturinn. Hann kvaðst hafa fengið sér einn bjór um hádegisbilið, síðan drukkið einn bjór og eitt glas af tvöföldum vodka hjá kunningja sínum, Guðmundi Haukssyni, haldið þaðan á Flugkaffi og drukkið einn bjór um kvöldmatarleytið, síðan drukkið einn bjór á Pizzu 67, farið á Kaffi Keflavík um ellefuleytið, drukkið þar tvo bjóra milli 11 og 12, en ekki drukkið meira eftir það fyrir aksturinn. Hann kvað ekkert áfengi hafa verið haft um hönd í samkvæmi því, sem hann var í að Heiðarbóli 6, áður en hann ók bifreiðinni. Hann kvaðst hafa verið á „fyllir“ kvöldið áður, þ. e. á föstudagskvöldið.

Vitnið Brynja Sigurðardóttir, kt. 171066-3289, kvaðst hafa hitt ákærða fyrir utan skemmtistaðinn Strikið eftir dansleik umrædda nótt. Hún taldi, að ákærði hefði verið „vel ölvaður“, en ekki ofurölvi. Hún og kunningi sinn, varnarliðsmaður, hafi verið á leið til kunningjakonu sinnar, sem býr að Heiðarbóli 6, þar sem hún hefði talið, að koma mætti á samkvæmi. Hefði orðið úr, að ákærði kæmi með þeim. En er þau komu að Heiðarbóli 6, hafi kunningjakonan legið áfengisdauð á gólfinu og einungis barnapían, 14 ára að aldri, verið vakandi. Því hafi ekkert orðið úr samkvæmi og hún farið eftir fáeinum mínútur ásamt varnarliðsmanninum, en ákærði orðið eftir. Hún kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis. Spurð um, hvort hún hefði séð ölvunarmerki á ákærða, kvaðst hún telja, að hann hefði verið búinn að

drekka, en samt ekki verið ofurölvi. Hún kvað ekkert áfengi hafa verið haft um hönd, meðan hún dvaldist að Heiðarbóli 6, en það hefði, sem fyrr segir, aðeins verið fáar mínútur. Hún kvaðst ekki hafa fundið áfengislykt af ákærða, enda hefði hún sjálf verið ölvuð.

Áðurnefnd barnfóstra, Þ, f. 1982, gaf skýrslu bæði fyrir lögreglu og dómi. Hún taldi, að ákærði hefði verið ölvaður og hún fundið áfengislykt af honum. Hún taldi sig muna með fullri vissu, að ákærði hefði verið valtur í göngulagi, er hann gekk frá húsinu út að bifreiðinni, sem hann stal. Kvaðst hún hafa horft á eftir honum út um glugga.

Arnar Hólm Björnsson, kt. 070577-3649, gaf skýrslu hjá lögreglu, en ekki fyrir dómi. Hann kvaðst hafa ekið ákærða að Kaffi Keflavík umrætt kvöld 1. mars um kl. 23.00. Hann kvað ákærða þá hafa verið ölvaðan, en ekki ofurölvi.

Verjandi telur og hefur lagt áherslu á, að ákærði hafi gefið fullnægjandi skýringu á því, hvers vegna hann hafi borið rangt um ölvunarástand sitt við fyrstu skýrslutöku. Hann hafi viljað sýna fram á, að hann hafi verið svo ölvuður, að fráleitt væri, að hann hefði getað ekið bifreiðinni slysalaust, og með því viljað afsanna nytjastuldinn. Því verði að leggja til grundvallar framburð hans fyrir dómi um áfengisneyslu og áfengisáhrif. Magnið sé svo lítið og drukkið svo löngu fyrir aksturinn, að sá framburður ákærða, að hann hafi ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, sé trúverðugur. Þá hafi aðeins tvö vitni komið fyrir dóminn, sem borið hafi um, að þau hafi séð ölvunarmerki á ákærða fyrir aksturinn. Annað þessara vitna hafi sjálft verið ölvað, en hitt sé barn. Sakfelling verði ekki reist á slíkum framburði.

Verjandi mótmælti því, að framburður Arnars Hólms Björnssonar fyrir lögreglu hefði þýðingu fyrir málið, þar eð hann hefði ekki komið fyrir dóm og því ekki verið gagnspurður. Þá hefur verjandi gagnrýnt það, að Guðmundur Hauksson, sem ákærði heimsótti og snæddi með ákærða á Pizzu 67, var hvorki yfirheyrður af lögreglu né fyrir dómi.

Niðurstöður.

Miðað við þá áfengisneyslu, sem ákærði viðurkenndi fyrir dómi, sýnist sá framburður hans geta staðist, að hann hafi ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Til hins er að líta, að sá framburður ákærða er ekki trúverðugur, að hann hafi einskis áfengis neytt á skemmtistaðnum Strikinu, þar sem hann dvaldist, frá því að hann fór af Kaffi Keflavík um miðnætti, þar til dansleik lauk, að því er virðist um kl. 3.00. Síðastnefnt dregur úr þýðingu þess, að ákærði dró mjög úr framburði sínum fyrir lögreglu um magn neytts áfengis og ölv-

un, bæði hinum fyrsta, sem hann dró nánast til baka, og síðari, sem að framan er orðrétt til vitnað, en þar er bókað eftir ákærða, að hann hafi verið „léttur og varla fundið á sér“, sem verður að túlka svo, að ákærði viðurkenni í þessari síðari lögregluskýrslu að hafa verið undir áhrifum áfengis í merkingu 45. gr. umferðarlaga og 2. málslíðar 2. mgr. sömu laga.

Framburður vitnanna Brynju Sigurðardóttur og Þ hefur þýðingu og styrkir framangreint, enda þótt fallast megi á það með verjanda, að það veikir sönnunargildi þessa framburðar, að fyrrnefnda vitnið var ölvað, en hið síðara undir sakhæfisaldri, sbr. 14. gr. alm. hgl., þar á meðal um refsíabyrgð á röngum framburði fyrir dómi.

Samkvæmt framansögðu og þar sem ákærði hefur skýlaust játað nytjastuld, verður hann sakfelldur fyrir þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæru og teljast þar réttilega heimfærð til refsíakvæða.

Samkvæmt fram lögðu sakavottorði var ákærði sviptur ökuleyfi í eitt ár frá 6. 2. 1996 með dómi Héraðsdóms Norðurlands 6. 2. 1996, og með dómi sama dómstóls 14. 10. 1996 var hann dæmdur í varðhald í 35 daga, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir brot á 244. gr. alm. hgl.

Fyrrnefndi dómurinn hefur ítrekunaráhrif, þau er greinir í fyrri málslíð 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga, en síðarnefnda málið ber samkvæmt 60. gr. alm. hgl. að taka að nýju til meðferðar og dæma málin bæði í einu lagi og tiltaka refsingu eftir reglum 77. gr. sömu laga.

Með tilliti til þeirra málsbóta, er ákærði hefur um nytjastuldinn, að öku- maður bifreiðarinnar sýndi þá ógætni að skilja bifreiðina eftir í gangi og að ákærði olli engum skemmdum á bifreiðinni, þykir mega hafa hinn nýja dóm skilorðsbundinn, að því er varðar refsivist, og dæma blandaða refsingu, fangelsi og sekt.

Refsing ákærða fyrir öll brotin í báðum málum ákveðst fjörutíu daga fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, og sekt að fjárhæð 100.000 kr.

Ákærði er sviptur ökurétti í tvö ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 85.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálm Þórhallssonar hrl., 85.000 kr.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Heiðar Ágúst Ólafsson, sæti fangelsi í 40 daga. Fresta skal fullnustu þeirrar refsingar, og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákærði greiði sekt í ríkissjóð, að fjárhæð 100.000 kr., og komi 20 daga varðhald í hennar stað, greiðist sektin eigi innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökurétti í tvö ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 85.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálmss Þórhallssonar hrl., 85.000 kr.
